

AUGLÝSING

um deiliskipulag Efra-Hrísness í landi Gufuár við Hálsabyggð í landi Ánabrekku í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag samkvæmt ákvæðum 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997. Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 15. desember 1998.

Sigurður Páll Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu flutningsjöfnunargjalds af olíuvörum.

1. gr.

Ekki skal innheimta flutningsjöfnunargjald af olíuvörum vegna reksturs álversins á Grundartanga. Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara jafnar ekki flutningskostnað vegna rekstursins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, öðlast gildi 1. febrúar 1999.

Íðnaðarráðuneytinu, 11. desember 1998.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Malbikunarstöðina Höfða, Sævarhöfða 6-12, Reykjavík.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Malbikunarstöðina Höfða, kt. 581096-2919, Sævarhöfða 6-12, Reykjavík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. desember 2002.

Reykjavík, 15. desember 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.